

5

14. jan.

Fje það, sem greiðist í húsfyrningarsjóð skal ávaxta tryggilega, og þegar sjóðurinn er að áliti bæjarstjórnar orðinn nægilega stór, skal veita úr honum lán til íbúðarhúsabygginga á leigulóðum bæjarins, gegn veði í húsunum og vöxtum, er ekki sjeu hærri en 5 af hundraði á ári.

Fyrst um sinn og þangað til öðruvísi verður ákveðið, hefir borgarstjóri á hendi stjórn sjóðsins, en bæjargjaldkeri reikningshald hans.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórnin í Reykjavík hefir samið samkvæmt 31. gr. tilskipunar 20. apríl 1872, staðfestist hjermeð.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 14. jan. 1920.

Sigurður Jónsson,

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

6

15. jan.

um notkun bryggjunnar í Steinsvör á Skipaskaga.

Atvinnu og samgöngumáladeild Stjórnarráðsins hefir 15. janúar 1920 gefið út svofelda reglugjörð um notkun bryggjunnar í Steinsvör á Skipaskaga, samkvæmt lögum nr. 76 frá 14. nóv. 1917.

1. gr.

Bryggjan er í umsjá hreppsnefndarinnar í Ytri-Akraneshreppi. Hún hefir sjerstakan reikning, sem miðast við almanaksár og sje endurskoðaður og úrskurðaður af sömu mönnum og reikningur hreppsins. Hreppsnefndin innheimtir eða lætur innheimta gjöld fyrir notkun bryggjunnar samkvæmt reglugjörð þessari og gerir reikningsskil fyrir þeim, gegn 5% innheimtulaunum. Ársreikningur skal sendur stjórnarráðinu.

2. gr.

Ef árleg gjöld fyrir notkun bryggjunnar hrökkva ekki fyrir viðhaldi hennar og viðgerðarkostnaði, greiðist það sem á vantar úr hreppssjóði. Ef reynslan sýnir að bryggjan ber sig ekki fjárhagslega með gjöldum þeim sem ákveðin eru í 3. gr., gerir hreppsnefndin tillögur um hækkun þeirra

3. gr.

6

15. jan.

Gjöld fyrir notkun bryggjunnar skulu greiðast þannig.

a. fyrir hver 100 kg. af kolum, saltfiski, salti, ísvörðum fiski, og síd	4	aura
b. — hverja 10 fiska blauta, ef ekki eru í umbúðum	5	—
c. — hvern teningsmeter af timbri, húsgögnum, orgelum, o. þ. h. vörum sem reiknast eftir rúmmáli	20	—
d. — hvern stórgrip	25	—
e. — hverja sauðkind	4	—
f. — hvern heykapal	6	—
g. — hvert stykki (koll) af öðrum flutningi	4	—

Opnir bátar skulu í byrjun hvernar vertíðar greiða minst 1 krónu af hlut, hvort sem fleytan er stærri eða smærri. Hreppsnefndinni eða umsjónarmanni bryggjunnar er heimilt að semja við fjelög eða einstaka menn til eins árs í senn um greiðslu fyrir notkun bryggjunnar í stað lögákveðins gjalds í hvert skifti, skulu þeir samningar fara fram um hvert nýár. Formenn á vjelbátum annast greiðslu á öllum flutningi er þeir flytja. En að öðru leyti sendandi eða móttakendur vörunnar.

4. gr.

Enginn flutningur hverju nafni sem nefnist má liggja á bryggjunni lengur en bráð nauðsyn krefur, fisk má ekki slægja þar, að öðru leyti eru notendur bryggjunnar og aðrir háðir þeim ákvörðunum sem hreppsnefnd og heilbrigðisnefnd setja um góða reglu og hreinlæt á henni.

5. gr.

Allir notendur bryggjunnar eða aðrir, sem á einhvern hátt brjóta eða skemma hana eru skyldir að borga það að fullu eftir kostnaðarreikningi.

6. gr.

Komi notendur bryggjunnar sjer ekki saman við umsjónarmann hennar um bryggjuggjaldið, geta þeir skotið máli sínu til hreppsnefndar, og gildir úrskurður hennar þar um.

7. gr.

Gjöld þau sem hjer að framan ræðir um má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

8. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 100 krónum er renna í hafnarsjóð Ytri-Akraneshrepps. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 16. janúar 1920 og fellur þá úr gildi reglugjörð um sama efni útgefin 20. júní 1912.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnaráðsins, 15. jan. 1920.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.